

## GJALDSKRÁ

### fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á Suðurnesjasvæði.

#### 1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Suðurnesjasvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

Tímagjald kr. 18.948. Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun kr. 31.600.

#### 3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi sem hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis: Starfsleyfisgjald hálft tímagjald og auglýsingakostnaður ef við á.

Ný starfsemi: Starfsleyfisgjald eitt tímagjald og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks ásamt auglýsingakostnaði ef við á.

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun: Starfsleyfisgjald tvö tímagjöld og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á.

#### 4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

#### 5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja gefur út samkvæmt fyrirriggjandi gögnum og fyrir eiturbreiðnir skal greiða hálft tímagjald. Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist skv. reikningi. Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

#### 6. gr.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja innheimtir öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. fylgiskjal sem birt er með gjaldskrá þessari. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

#### 7. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 15. október og eindagi 25. október ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

#### 8. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærri er.

#### 9. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

## 10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 865/2019.

*F.h. heilbrigðisnefndar Suðurnesja, 7. september 2020,*

**Magnús H. Guðjónsson,**  
framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

**Fylgiskjal.**

Heiti	Gjald kr.
Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru	37.895
Alifuglarækt < 40.000 stæði	75.791
Alifuglarækt > 40.000 stæði	113.686
Alþjóðaflugvöllur > 3 miljónir farþega	9.916.115
Apótek	42.632
Atvinnurekstur sem meðhöndlars asbestos	75.791
Áfengisverslun	18.948
Áhaldahús sveitarfélags	26.053
Baðhús	30.791
Bakarí, lítið	53.053
Bakarí, miðlungs	109.897
Bakarí, stórt	178.108
Barir	47.369
Bensínstöðvar með matvöru	115.581
Bensínstöðvar með veitingasölu	219.797
Bensínstöðvar, sjálfvirkar	37.895
Bifreiða- og vélaverkstæði	34.391
Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	40.737
Bifreiðaréttigar og sprautun	63.475
Bílaleigur með verkstæði og þvottaaðstöðu < 500 bílar	34.106
Bílaleigur með verkstæði og þvottaaðstöðu > 500 bílar	62.527
Bílapartasölur og niðurrif bifreiða	46.422
Blikksmiði	18.758
Bón- og bílaþvottur	21.885
Bón- og bílaþvottur, sjálfvirk	33.158
Brauðstofur	96.633
Dagmömmur með > 6 börn	21.316
Deildaskipt sjúkrahús	293.310
Dísilrafstöð 10 – 50 MW	113.686
Dísilrafstöð 2 – 10 MW	56.843
Dreifikerfi neysluvatns < 500 notendur	238.035
Dreifikerfi neysluvatns 500 – 5.000 notendur	341.655
Dreifikerfi neysluvatns 5.001 – 10.000 notendur	888.185
Dreifikerfi neysluvatns 10.001 – 50.000 notendur	983.518
Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil/án móttuneytis	23.685
Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs/með móttökueldhúsi	146.844
Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór/með fullbúnu eldhúsi	242.530
Dýralæknastofur	21.316

<b>Heiti</b>	<b>Gjald kr.</b>
Eldsneytisafgreiðsla á alþjóðlegum flugvelli	189.477
Eldsneytisbirgðastöð	416.849
Endurhæfing án mótneytis	42.633
Endurhæfing með litlu mótneyti	68.212
Fangelsi, lítið	16.579
Fangelsi, miðlungs	63.475
Fangelsi, stórt	122.591
Farfuglaheimili og fjallaskálar, heilsársnotkun	40.264
Félagsaðstaða með fullbúnu eldhúsi (ekki samfelld starfsemi)	98.338
Félagsaðstaða með fullbúnu eldhúsi (samfelld starfsemi)	167.118
Félagsaðstaða með móttökueldhúsi	50.211
Félagsmiðstöðvar án eldhúss	22.264
Fiskbúðir, litlar	42.632
Fiskbúðir, miðlungs	105.160
Fiskbúðir, stórar	172.803
Fiskmarkaðir	39.316
Fitu- og lýsisvinnsla og -hersla	97.012
Fótaaðgerðarstofur	21.316
Framleiðsla á plast- og frauðefni	33.158
Framleiðsla á iðnaðargasi	114.065
Framleiðsla á saltpækli til matvælaframleiðslu	37.895
Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli	75.791
Framleiðsla annarra matvara	75.791
Framleiðsla á byggingarefní úr steinsteypu	37.896
Fráveit < 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar	682.260
Fráveit > 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar	1.088.314
Fraeðslustarfsemi á æðra námsstigi án mótneytis	106.107
Fraeðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi	314.531
Fraeðslustarfsemi á æðra námsstigi með móttökueldhúsi	146.844
Fraeðslustarfsemi á framhalds- og/eða háskólastigi < 500 nemendur	71.054
Fraeðslustarfsemi á framhalds- og/eða háskólastigi > 500 nemendur	94.738
Fraeðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – bóknám án mótneytis	71.054
Fraeðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – iðn- og verknám án mótneytis	88.107
Fraeðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi	460.428
Fraeðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – iðn- og verknám með móttökueldhúsi	253.899
Fraeðslustarfsemi á framhaldsskólastigi verknám í matvælavinnslu	140.213
Garðaúðun	23.685
Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni	57.317
Gámastöð	29.369
Gistiskáli	33.158
Grasalækningar	26.053
Grunnskólar með mótneyti og leiksvæðum	293.689
Harðfiskverkun	18.948
Hárgreiðslu- og snyrtistofur	34.106
Hárgreiðslustofur	22.737
Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, lítil	41.685
Heilsugæslustöðvar	42.632
Heimagisting	28.422
Heimili fyrir börn og unglings	19.421
Heitloftsþurrkun fiskafurða	318.321
Hjólbarðaverkstæði	21.885

<b>Heiti</b>	<b>Gjald kr.</b>
Hótel með veitingasölu, lítið (17-50 gestir)	136.423
Hótel með veitingasölu, miðlungs (51-100 gestir)	183.792
Hótel með veitingasölu, stórt (> 100 gestir)	229.267
Hótel og gistiheimili með morgunverðaraðstöðu	56.843
Hunda- og kattahótel	26.053
Húðflúrstofur	54.475
Húðgötun	14.211
Húsdýragarðar	30.790
Ísstöðvar	35.148
Íþróttahús	57.791
Íþróttahús, lítil	35.528
Íþróttavellir	31.264
Jarðvarmavirkjun	312.637
Jarðvegstíppir	52.523
Járnsmíði	21.885
Kappaksturs- og æfingabraut	31.737
Kirkjur	21.316
Krár, kaffihús með matsölu (lítil starfsemi < 50 gestir)	47.369
Kvikmyndahús	52.106
Læknastofur	21.316
Leikhús	35.053
Leikskólar með mótneyti og útileiksvæði	187.582
Líkamsræktarstöðvar, miðlungs	39.316
Líkamsræktarstöðvar, stórar	67.738
Líkamsræktarstöðvar, litlar	30.790
Malar- og sandnám; vikurnám	30.790
Matsölustaðir, litlir (17-50 gestir)	75.791
Matsölustaðir, miðlungs (51-100 gestir) eða litlir með útseldan mat	145.897
Matsölustaðir, stórir (> 100 gestir) eða miðlungs með útseldan mat	250.488
Matsöluvagnar	56.843
Matvöruverslun án vinnslu, lítil	75.791
Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	131.118
Matvöruverslun án vinnslu, stór	177.350
Matvöruverslun með vinnslu, lítil	104.591
Matvöruverslun með vinnslu, stór (t.d. kjötsögun, grillun á kjúklingum)	291.797
Málmsmíði og sandblástur	39.316
Meðferð og húðun málma	40.264
Meindýraeyðir	22.500
Mjölvinnsla úr sjávarafurðum	170.529
Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	33.158
Móttaka brotamálms	203.309
Mörbræðsla og tólgarframleiðsla	85.265
Mótuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið (allt að 50 gestir)	56.843
Mótuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs (51-100 gestir)	125.244
Mótuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt (> 100 gestir)	235.330
Mótuneyti með móttökueldhúsi, lítið (allt að 50 gestir)	39.790
Mótuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs (51-100 gestir)	52.390
Mótuneyti með móttökueldhúsi, stórt (100 gestir)	115.581
Nám og vinnsla annarra ótalinna hráefna úr jörðu	43.864
Niðurrif bifreiða	47.369
Niðursuðuverksmiðjur	56.843

<b>Heiti</b>	<b>Gjald kr.</b>
Nuddstofur	17.053
Opin leiksvæði sveitarfélaganna	22.737
Rekstur hafna	26.527
Sala á tilbúnum mat, lítil	66.317
Sala á tilbúnum mat, miðlungs	125.244
Sala á tilbúnum mat, stór	313.773
Saltfiskverkun	26.527
Saltvinnsla	78.822
Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppfvottur	18.948
Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi	63.285
Samkomusalir með móttökueldhúsi	31.501
Sjúkraþjálfun	20.890
Skemmtistaðir án matsölu	42.301
Skotvellir	14.211
Skólpþreinsistöðvar < 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar	187.961
Skólpþreinsistöðvar > 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar	416.853
Skyndibitastaðir, litlir (allt að 50 gestir)	82.422
Skyndibitastaðir, miðlungs (51-100 gestir)	114.633
Skyndibitastaðir, stórir (> 100 gestir)	140.213
Smurstöðvar	55.024
Snyrtistofur	22.595
Snyrtivöruframleiðsla	40.737
Sólbaðsstofur	28.611
Sorpflutningar og sorphirða	52.485
Spennistöðvar, litlar	16.579
Spennistöðvar, stórar og tengivirkni	68.212
Stálsmíði og stálskipagerð	86.212
Steypustöðvar og steypueiningaverksmiðjur	73.043
Stórmarkaðir > 400 m <sup>2</sup> , án matvælavinnslu	187.961
Stórmarkaðir > 400 m <sup>2</sup> , með matvælavinnslu	281.562
Sundstaðir, litlir	152.175
Sundstaðir, miðlungs (eða litlir samtengdir íþróttahúsum)	275.929
Sundstaðir, stórir (eða miðlungs tengdir íþróttahúsum)	419.840
Svínarækt < 2.000 stæði alisvín (léttari en 30 kg)	65.369
Söfn	37.895
Söluturnar án óvarinna matvæla	33.158
Söluturnar með óvarin matvæli, litlir	47.369
Söluturnar með óvarin matvæli, miðlungs	83.559
Söluturnar með óvarin matvæli, stórir	125.434
Tannlæknastofur	33.869
Te- og kaffiframleiðsla	47.369
Tjaldsvæði	28.422
Tónlistarskólar	21.079
Trésmíðaverkstæði	22.500
Vatnsafgreiðsla flugvéla	95.071
Vatnsból > 1.000 íbúa	664.357
Vatnsból, einka	110.726
Vatnsból < 1.000 íbúa	323.299
Veiðarfæragerð, netaverkstæði	22.027
Véla- og tækjasölur	68.212
Vélmíða- og vélaviðgerðaverkstæði	23.685

Nr. 911

7. september 2020

<b>Heiti</b>	<b>Gjald kr.</b>
Viðhald og niðurrif skipa	122.591
Vinnsla á ferskum fiski, lítil	47.369
Vinnsla á ferskum fiski, stór	62.622
Vinnsla á meltu úr sjávarfangi (meira en 1.000 tonna ársframleiðsla)	397.901
Vinnsla á meltu úr sjávarfangi (minna en 1.000 tonna ársframleiðsla)	142.108
Vinnsla með plast- og frauðefni	18.948
Vistheimili	19.895
Vörugeymslur, stórar	63.190
Yogastofur, heilun o.fl.	11.842
Þvottahús og efnalaugar	26.527
Æfingasvæði slökkviliðs	58.738
Önnur fullorðinsfræðsla og ótalín fræðsla	16.579
Önnur ótalín fiskvinnsla	47.369

---

B-deild – Útgáfud.: 21. september 2020